



## Fundargerð

**Stjórn VJP - 114. fundur stjórnar VJP haldinn á Klapparstíg 25-27,  
30. janúar 2018, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Ármann Höskuldsson formaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Vilhjálmur Árnason varamaður, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ruth Magnúsdóttir, stjórnarmaður - ritari.  
Matthildur Þorsteinsdóttir í síma.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fagnar undirritun ráðherra mennta og menningarmála og umhverfis- og auðlindaráðherra á tilnefningu íslenska ríkisins á Vatnajökulsþjóðgarði til heims náttúruvætta Unesco.

Formaður fór yfir stöðuna á vinnu við nýja Stjórnunar og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Frágangi lokadraga er lokið og áætlunin mun nú fara í lögbundið kynningarferli.

### 1. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

*Vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2018:*

*Stjórn samþykkir að nýta hluta af ónýttu framkvæmdafé þjóðgarðsins fyrir árið 2017 og 2018 til að greiða upp framkvæmdahalla fyrri ára, sem tilkominn er vegna framkvæmda við Snæfellsstofu.*

*Vegna rekstraráætlunar fyrir árið 2018:*

*Stjórn samþykkir að skera niður rekstur frá áætluðum rekstri ársins 2017 um annars vegar 68,5 milljónir miðað við tveggja ára uppgreiðslu á uppsöfnuðum halla, hins vegar um 45,7 milljónir miðað við greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla. Stjórn leggur áherslu á að á öllum fundum stjórnar verði gerð grein fyrir hvort áætlanir standi.*

*Stjórn leggur áherslu á að skera niður miðlæga starfsemi og aðkeypta þjónustu, en standa vörð um starfsmannahald og starfsemi á svæðum þjóðgarðsins. Hagræðingu verði mætt með eftirfarandi hætti:*

*Stjórn felur framkvæmdastjóra hefja undirbúning á gjaldtöku á bílastæðum innan þjóðgarðsins við Jökulsárlón, Skaftafell og við Dettifoss. Framkvæmdastjóri kynni tillögur að útfærslum á næsta fundi stjórnar í febrúar.*

*Sagt verði upp húsnæði þjóðgarðsins við Klapparstíg og fundið ódýrara og minna húsnæði tímabundið.*

*Miðlæg aðkeypt þjónusta verði haldið í lágmarki.*

*Frekari vinnu við fjárhagsáætlun frestað til næsta fundar sem verður föstudaginn 2.febrúar.*

Formaður ræddi að þjóðgarðurinn er 10 ára á þessu ári og að því tilefni kynnti hann þá hugmynd að ráðinn verði ritstjóri afmælisrits þjóðgarðsins sem gefið verði út í lok árs.

Fundi slitið kl. 15:30.

---